

Birtist í *Morgunblaðinu*, 9. febrúar 2002.

## Áhrif auðlindagjalds á tekjur ríkisins

Jón Steinsson

Á miðvikudaginn birtust fréttir um það í fjölmiðlum að Ragnar Árnason, professor, hefði skrifað skýrslu fyrir LÍÚ um áhrif auðlindagjalds á skatttekjur ríkisins. Helsta niðurstaða skýrslunnar er sú að hækkun skatttekna verði minni en sem nemur auðlindagjaldinu og geti jafnvel verið neikvæð þar sem auðlindagjöld hafi neikvæð áhrif á hagvöxt.

Til þess að komast að þessari niðurstöðu gerir Ragnar sig sekann um ótrúlegan tvískinnung. Á blaðsíðu fjögur telur Ragnar upp þær forsendur sem hann gefur sér um auðlindagjald. Ein forsendan er þessi: „Auðlindagjald hefur ekki áhrif á framleiðslumagn eða hagkvæmni í sjávarútvegi.” Þessa forsendu rökstyður Ragnar á eftirfarandi hátt í neðanmálgrein: „Einn helsti kostur auðlindagjalds sem skattstofns hefur verið talinn sá, að það sé svokallaður renntuskattur og hafi ekki áhrif á hegðun sjávarútvegsfyrirtækjanna. Hér er m.ö.o. gert ráð fyrir því að það gangi eftir.”

Seinna í skýrslunni gerir Ragnar síðan tilraun til þess að færa rök fyrir því að auðlindagjald hafi neikvæð áhrif á landsframleiðslu sem aftur leiði til tekjumissis fyrir ríkið. Þessu til stuðnings setur Ragnar fram líkan þar sem þessi niðurstaða gengur eftir. Vandinn er hins vegar sá að líkanið er í engu samræmi við þær forsendur sem Ragnar gefur sér. Nánar til tekið gerir Ragnar ekki ráð fyrir því að auðlindagjaldið sé renntuskattur þegar hann leysir líkanið og því hefur auðlindagjaldið áhrif á hegðun sjávarútvegsfyrirtækja í líkaninu ólíkt því sem Ragnar hafði gefið sér fyrir í skýrslunni. Ef líkanið er leyst í samræmi við þær forsendur sem Ragnar gefur sér hefur auðlindagjald engin áhrif á landsframleiðslu og langstærstur hluti auðlindagjaldsins leiðir til hækkunar á tekjum ríkisins.

Þess má að lokum geta að ef þeirri eðlilegu forsendu er bætt við að skattar verði lækkaðir sem nemur hluta af upphæð auðlindagjaldsins má nota líkan Ragnars til þess að sýna að auðlindagjald muni hafa jákvæð áhrif á hagvöxt og tekjur ríkisins af auðlindagjaldi geti verið mun hærri en sem nemur sjálfu auðlindagjaldinu.